



Borgarstjórnin í Reykjavík

Alþingi  
Erindi nr. 133/586  
komudagur 6.12.2006

Reykjavík, 6. desember 2006

R06110170

175

Alþingi - Iðnaðarnefnd  
Ingvar Þór Sigurðsson, nefndarritari

150 REYKJAVÍK

***Umsögn borgarstjórnar um frumvarp til laga um Landsvirkjun o.fl.***

Á fundi borgarstjórnar í gær var samþykkt eftirfarandi umsögn um frumvarp til laga um Landsvirkjun og frumvarp til laga um breytingu á lögum á orkusviði, sbr. bréf iðnaðarnefndar Alþingis frá 22. f.m.:


Frumvarp um breytingu á lögum um Landsvirkjun nr. 42/1983 er lagt fram í beinu framhaldi af samningum um sölu á eignarhlutum Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun sem undirritaðir voru 1. nóvember sl. Samningurinn var samþykktur í borgarstjórn Reykjavíkur 21. nóvember og í bæjarstjórn Akureyrar 7. nóvember.

Samkvæmt frumvarpinu verður Landsvirkjun áfram sameignarfyrirtæki í eigu ríkisins og Eignarhluta ehf. Síðarnefnda fyrirtækið verður í fullri eign ríkisins.

Með fáum undantekningum felast í frumvarpinu nauðsynlegar breytingar á lögum vegna nýs eignarhalds, sem gefur ekki tilefni til athugasemda af hálfu Reykjavíkurborgar. Ein undantekning er að í 5. grein frumvarpsins er lagt til að 6. grein laga um Landsvirkjun falli brott, en í þeirri grein eru taldar upp virkjanir fyrirtækisins. Hvorki er að finna röksemdir fyrir þessu í greinargerð né athugasemdum við einstakar greinar. Áréttuð er sú réttarstaða Reykjavíkurborgar sem tryggð er í 5. gr. samningsins um kaup íslenska ríkisins á eignarhlutum Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum á orkusvið er lagt fram samhliða frumvarpi um Landsvirkjun. Felur frumvarpið enda í sér að eignarhlutur ríkisins í Orkubúi Vestfjarða og RARIK verði lagður inn til Landsvirkjunar sem viðbótareigendaframlag í Landsvirkjun. Auk þess eru gerðar breytingar á lögum er varða skattaréttarlegar skyldur RARIK.

Landsvirkjun með dótturfélögum verður gríðarstórt fyrirtæki með mikið markaðsafli á öllum stigum framleiðslu og dreifingu raforku. Mjög mikilvægt er að efla heilbrigða samkeppni á raforkumarkaði. Verði þetta frumvarp að lögum kallar það á enn virkara eftirlit á þessu sviði.

  
Gunnar Eydal  
e.u.